

um jarðfræðilegar rannsóknir vegna neyzluvatnsleitar.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Einar Ágústsson.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að þegar verði hafnar ýtarlegar jarðfræðilegar rannsóknir til öflunar neyzluvatns, einkum á svæðum, þar sem til vandræða horfir vegna skorts á viðunandi vatni, sérstaklega fyrir fiskiðnaðinn. Verði jarðkönnunardeild Orkustofnunar falið að vinna þetta verkefni og fjármagn útvegað til starfseminnar á þessu ári með lánsfé, ef þörf krefur.

#### Greinargerð.

Í sambandi við mjög viðtækar endurbætur, sem gera verður í fiskiðnaði landsins vegna þeirrar ströngu löggjafar um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit við freðfisk-framleiðslu, sem vítað er að Bandaríkjamenn munu lögfesta, að öllum líkindum í ár, hefur athyglin meðal annars beint að mjög alvarlegu ástandi neyzluvatns í fjölmörgum kaupstöðum og kauptúnum landsins. Samkvæmt nýlegri athugun sérfræðinga á ástandi í vatnsmálum hjá 58 stærri byggðakjörnum er það gott eða viðunandi á 33, slæmt á 16 stöðum og þarfnast endurbóta á öðrum 9.

Á nýlegri ráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga um náttúruvernd bar gæði og öflun neyzluvatns mjög á góma. Fram kom í fróðlegu erindi Jóns Jónssonar jarðfræðings, að tiltölulega er auðvelt að ná góðu neyzluvatni á grágrýtissvæðinu, sem liggur nokkurn veginn frá Suðvesturlandi til Norðausturlands. Hins vegar er það víða miklum erfiðleikum háð á blágrýtissvæðinu á Austur- og Suðausturlandi, Vestfjörðum og miklum hluta Norðurlands. Jarðfræðingurinn sagði, að von um neyzluvatnsnám á því svæði væri „einkum bundin við staði, þar sem færa má sönnur á tilvist meiri háttar sprungukerfis. Varla er þetta hugsanlegt án meiri háttar jarðfræðirannsókna“.

Í framhaldi af málmleit þeirri, sem Rannsóknaráð ríkisins beitti sér fyrir á Suðausturlandi með aðstoð frá Sameinuðu þjóðunum, var með samþykki iðnaðar-ráðuneytisins komið á fót svonefndri jarðkönnunardeild hjá Orkustofnun. Með stofnun þessarar deildar er hugmyndin sú að leysa mjög brýna þörf margra aðila í landinu fyrir hagnýtar jarðfræðirannsóknir til undirbúnings fyrir margs konar framkvæmdir, eins og t. d. á sviði vegagerðar, hafnargerðar og ýmiss konar annarrar mannvirkjagerðar. Hingað til hefur yfirleitt orðið að leita til einstakra jarðfræðinga, sem slík verkefni hafa tekið að sér að meira eða minna leyti í hjáverkum.

Gert hefur verið ráð fyrir því, að jarðkönnunardeildin taki að sér ýmiss konar jarðfræðileg verkefni, fyrir framkvæmdaðila samkvæmt sérstökum samningi við þá og gegn greiðslu. Hins vegar verður deildin að sjálfsögðu einnig að sinna jarðfræðilegum grundvallarrannsóknum á eigin vegum til söfnunar nauðsynlegra undirstöðu-upplýsinga fyrir hin hagnýtu verkefni.

Í samráði við sérfræðinga á sviði fiskiðnaðar var ákveðið að leggja í upphafi megináherzlu á jarðfræðirannsóknir á blágrýtissvæðinu með neyzluvatnsöflun í huga. Telja sérfræðingarnir allir þetta mjög aðkallandi verkefni, ekki sízt fyrir fiskiðnaðinn á þessum svæðum. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að sveitarfélag á viðkomandi stað sjái um sjálfa öflun neyzluvatnsins, en víðast er ekki sú jarðfræðileg þekking fyrir hendi, að slíkt sé unnt með góðu móti.

Því miður var fjárhagsáætlun deildarinnar síðbúin og ekki reyndist unnt að tryggja fjárveitingu til starfseminnar á fjárlögum ársins 1971. Verkefnið er hins vegar svo aðkallandi vegna þess, hve gott neyzluvatn er mikilvægt fyrir fiskiðnaðinn í sambandi við nauðsynlegar endurbætur, sem fyrr hefur verið drepið á, að ekki er talið fært að láta það dragast, að umræddar rannsóknir hefjist. Varla verður heldur um það deilt, að grundvallarrannsóknir, eins og hér um ræðir, hljóta að greiðast af opinberu fé. Því er lagt til í þingsályktunartillögu þessari, að starfsemin verði hafin nú í vor og með lánsfé, ef þörf krefur. Fjárpörfin í ár er áætluð 1 millj. kr.